



Reykjavík 30. september 2013

**Niðurstöður athugunar hjá Straumi fjárfestingabanka hf. á tilteknum þáttum í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka**

Hinn 6. júní 2013 hóf Fjármálaeftirlitið athugun hjá Straumi fjárfestingabanka hf. (hér eftir Straumur). Athugunin beindist að tilteknum þáttum í aðgerðum Straums gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, sbr. lög nr. 64/2006. Í athuguninni var lögð sérstök áhersla á könnun Straums á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með þeim og innri reglur bankans um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Niðurstöður athugunarinnar voru byggðar á upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og stöðunni eins og hún var á þeim tíma sem athugunin fór fram. Í samræmi við 9. gr. a laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi birtir Fjármálaeftirlitið niðurstöður nefndrar athugunar.

Af þeim upplýsingum og gögnum sem aflað var við athugunina og miðað við þá þætti sem teknir voru til athugunar er það mat Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd Straums við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn sína, reglubundið eftirlit með þeim og innri reglur bankans uppfylli almennt þær kröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, með síðari breytingum, reglugerðum og reglum settum samkvæmt þeim og leiðbeinandi tilmælum nr. 3/2011.